

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024–2028.

Frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Sæmundsson og Pétur Berg Matthíasson frá forsætisráðuneytinu, Önnu Láru Steindal og Katarzynu Beötu Kubis frá Landssamtökunum Þroskahjálp, Sigurveigu Þórhallsdóttur og Hafdísu Unu Guðnýjar-dóttur frá umboðsmanni barna, Þóru Jónsdóttur frá Barnaheillum, Aðalstein Óskarsson frá Vestfjarðastofu, Þorbjörgu Gunnarsdóttur frá Þjóðminjasafni Íslands, Helgu Aradóttur frá Náttúruminjasafni Íslands og Ingibjörgu Jóhannsdóttur frá Listasafni Íslands.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Barnaheillum, Landssamtökunum Þroskahjálp, umboðs-manni barna, Vestfjarðastofu og sameiginleg umsögn frá Þjóðminjasafni Íslands, Náttúru-minjasafni Íslands og Listasafni Íslands. Einnig barst nefndinni minnisblað frá forsætisráðu-neytinu.

Meginefni tillögunnar.

Markmið tillögunnar og meðfylgjandi aðgerðaáætlunar er fyrst og fremst að stuðla að því að menningarlæsi, menningarþátttaka og miðlun menningararfs verði ríkur þáttur í uppvexti og skólastarfi barna. Þá er einnig miðað að aukinni samhæfingu og eflingu stefnumótunar á sviði barnamenningar og meira framboði menningar- og listfræðslu fyrir börn og ung-menni. Jafnframt skal komið á fót miðstöð barnamenningar sem verði falin yfirstjórn list-verkefnisins List fyrir alla, sem og starfsemi Barnamenningarsjóðs Íslands og verði starfsemi hvors tveggja fest varanlega í sessi. Þá fari stjórn miðstöðvar barnamenningar jafnframt með stjórn Barnamenningarsjóðs.

Umfjöllun nefndarinnar.

Almennt.

Að mati meiri hluta nefndarinnar felur þingsályktunartillaga þessi í sér mikilvæg skref til að halda áfram nauðsynlegri vinnu við eflingu og stefnumótun á sviði barnamenningar sem unnið hefur verið að allt frá árinu 2013 þegar Alþingi samþykkti þingsályktun um menn-ingarstefnu, nr. 16/141, um sérstaka stefnu íslenska ríkisins á sviði lista og menningararfs. Í henni voru fjórir meginþættir lagðir til grundvallar markmiðum hennar, þ.m.t. þátttaka barna og ungmenna í menningarlífinu.

Meiri hlutinn áréttar að umsagnaraðilar hafi almennt verið jákvæðir í garð tillögunnar og fagna því að hún sé lögð fram, þá einkum tillögum um að koma á fót miðstöð barnamenn-ingar og festa í sessi verkefnið List fyrir alla og starfsemi Barnamenningarsjóðs.

Hlutverk landsbyggðar í menningarstarfi fyrir börn.

Nefndin fjallaði um hvernig styrkja mætti menningarstarfsemi í þágu barna á landsbyggðinni þar sem listalíf hefur blómstrað með eindæmum undanfarin ár, einkum með tilkomu aðfluttra erlendra listamanna sem kjósa þar að búa og starfa. Í umsögn og umfjöllun Vestfjarðastofu fyrir nefndinni er bent á mikilvægi þess að gætt sé að því að fulltrúar landsbyggðarinnar sem starfi að menningarmálum utan höfuðborgarsvæðisins eigi sæti í stjórn og úthlutunarnefndum á vegum miðstöðvar barnamenningar og að samráð verði haft við fulltrúa menningarlífsins á landsbyggðinni, t.d. við verkefnisstjóra menningar hjá landshlutasamtökum sveitarfélaga. Afar mikilvægt sé að liststarfsemi í þágu barna fái að blómstra sem víðast um landið og að listamönnum sem starfa á landsbyggðinni sé gert kleift að koma list sinni á framfæri með úthlutunum úr Barnamenningarsjóði.

Meiri hlutinn tekur undir framangreint og telur mikilvægt að jafnræðis gagnvart landsbyggðinni sé gætt þegar að úthlutunum úr sjóðum eins og Barnamenningarsjóði kemur og beinir því til miðstöðvar barnamenningar að hafa slík sjónarmið í huga við úthlutanir úr sjóðnum. Þá telur meiri hlutinn rétt að stíga varlega til jarðar er kemur að því að gera ákveðnar kröfur eins og til að mynda að setja lágmarkspáttökuskilyrði í listviðburðum sem kann að gera starfsemi á landsbyggðinni erfiðara um vik en ella.

Jafnt aðgengi fyrir öll börn óháð búsetu og fötlun að listviðburðum og menningarstarfsemi.

Í umsögnum Þroskahjálpar og umboðsmanns barna er gagnrýnt að ekkert komi fram í aðgerðaáætluninni um það hvernig tryggja megi að fötluð börn, sem og aðrir jaðarsettir hópar barna, fái notið þeirrar stefnu sem þar er sett fram og að þeim séu tryggð jöfn tækifæri til þátttöku. Sérstök athygli er vakin á ákvæði 2. mgr. 31. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins í þessu sambandi, sbr. lög nr. 19/2013, þar sem fjallað er um réttindi barna til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi og skyldu stjórnvalda til að stuðla að því að þeim séu veitt jöfn tækifæri til að stunda menningarlíf og listir. Þá kunni að vera þörf á sérstökum aðgerðum með það að markmiði að tryggja aðgengi og þátttöku allra barna.

Meiri hlutinn tekur undir framangreind sjónarmið og áréttar mikilvægi þess að öllum börnum, óháð félagslegri stöðu og búsetu á landinu, verði tryggt jafnt aðgengi að listviðburðum á vegum verkefnisins Listar fyrir alla og starfsemi á vegum Barnamenningarsjóðs almennt. Þá leggur meiri hlutinn sérstaka áherslu á að tryggja aðgengi og stuðla að þátttöku fatlaðra jafnt sem ófatlaðra barna, sem og barna sem tilheyra öðrum viðkvæmum hópum. Meiri hlutinn beinir því til miðstöðvar barnamenningar sem falin verður yfirstjórn Listar fyrir alla og Barnamenningarsjóðs að horfa til þeirra sjónarmiða sem fram komu við þinglega meðferð þessa máls og hafa eftir þörfum samráð við hagsmunasamtök þau sem fram koma fyrir hönd fatlaðra barna og annarra jaðarsettra hópa barna.

Skipulag Barnamenningarsjóðs og skipan í stjórn miðstöðvar barnamenningar.

Í umsögnum höfuðsafnanna þriggja og fyrir nefndinni var bent á að hagræði og meiri skilvirkni kynni að hljóta af því að skipta Barnamenningarsjóði upp í tvennt með það fyrir augum að styrkja annars vegar langtímaverkefni, t.d. verkefni til þriggja ára, og hins vegar verkefni til skemmri tíma. Slíkt fyrirkomulag kynni að auðvelda styrkþegum að ráðast í stærri verkefni og verkefni tengd landsbyggðinni. Jafnframt var óskað eftir því af hálfu höfuðsafnanna að eiga sameiginlegan fulltrúa í stjórn miðstöðvar barnamenningar.

Að mati meiri hlutans eru framangreindar ábendingar gagnlegar og tekur meiri hlutinn undir með forsætisráðuneytinu að ný miðstöð barnamenningar hafi þær til hliðsjónar í störfum sínum.

Að framangreindu virtu leggur meiri hlutinn til að þingsályktunartillaga þessi verði **samþykkt óbreytt**.

Bergþór Ólason og Birgir Þórarinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Birgir Þórarinsson ritar undir álitid samkvæmt heimild í 2. mgr. 29. gr. þingskapa.

Alþingi, 11. maí 2023.

Bryndís Haraldsdóttir,
form.

Jódís Skúladóttir,
frsm.

Birgir Þórarinsson.

Jóhann Friðrik Friðriksson.

Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir.